

Árbók verslunarinnar 2014

*Hagtölur um
íslenska verslun*



Kaupmannasamtök
Íslands



Rannsóknasetur
verslunarinnar

Háskólinn á Bifröst

**Árbók
verslunarinnar
2014**

*Hagtölur um
íslenska verslun*

Árbók verslunarinnar 2014 Hagtölur um íslenska verslun

Útgefendur: Rannsóknasetur verslunarinnar og Kaupmanasamtök Íslands
Ritstjóri og ábyrgðamaður: Emil B. Karlsson
Texti og talnaefni: Árni Sverrir Hafsteinsson
Útlitshönnun: Magnús Valur Pálsson

ISBN 978-9935-9052-6-0

Óheimilt er að afrita efni úr bókinni nema heimildar sé getið.

Árbók verslunarinnar 2014

*Hagtölur um
íslenska verslun*



Kaupmannasamtök
Íslands



Rannsóknasetur
verslunarinnar

Háskólinn á Bifröst

Efnisyfirlit

Ytri skilyrði verslunar á Íslandi

1.1.	Landsframleiðsla.....	7
1.2.	Kaupmáttur launa.....	8
1.3.	Neysla matar og drykkjarvara	9

Umfang íslenskrar verslunar

2.1.	Heildarvelta í smásöluverslun.....	11
2.2.	Framlag verslunar til landsframleiðslu.....	12
2.3.	Velta smásöluverslunar eftir flokkum	13
2.4.	Ferðamannaverslun	14
2.5.	Fjöldi verslana eftir tegund	19
2.6.	Gjaldþrot verslana.....	20
2.7.	Nýskráningar verslana	21
2.8.	Fjöldi starfandi við verslun.....	22

Laun í verslun

3.1.	Laun í verslun.....	25
3.2.	Launakönnun VR.....	29

Verslunarhúsnæði

4.1	Fermetrafjöldi verslana á höfuðborgarsvæðinu og á landsbyggðinni	30
4.2	Verslunarhúsnæði á höfuðborgarsvæðinu	31
4.2.1	Reykjavík.....	32
4.2.2	Kópavogur.....	32
4.2.3	Garðabær.....	32
4.2.4	Hafnarfjörður	30
4.3	Samanburður á stærð verslunarhúsnæðis eftir sveitarfélögum	31
4.4	Fjöldi kaupsamninga með verslunarhúsnæði	33
4.5	Fermetraverð verslunarhúsnæðis.....	34

Verslun eftir landsvæðum, tekjum og aldri

5.1	Íbúafjöldi.....	38
5.2	Launatekju	40
5.3	Aldursdreifing.....	41
5.3.1	Höfuðborgarsvæðið.....	42
5.3.2	Suðurnes	43
5.3.3	Vesturland	44
5.3.4	Vestfirðir.....	45
5.3.5	Norðurland vestra.....	46
5.3.6	Norðurland eystra.....	47
5.3.7	Austurland.....	48
5.3.8	Suðurland.....	49

Rannsóknasetur verslunarinnar gert að sjálfseignarstofnun.....	50
---	-----------

Íslensk verslun í sókn

Rekstrarskilyrði verslunar voru að ýmsu leyti hagstæðari á síðasta ári en árin þar á undan, eins og kemur fram í Árbók verslunarinnar 2014. Með aukinni einkaneyslu og sterkari kaupmætti hefur velta í verslun aukist að raunvirði. Í Árbókinni kemur fram að velta í smásöluverslun eykst, gjaldþrotum í greininni fer fækkandi, fjöldi starfsmanna eykst og laun í verslun hafa hækkað hlutfallslega meira en almennar launahækkanir. Enn eitt jákvætt teikn fyrir verslun er hinn mikli vöxtur í ferðaþjónustu sem hefur áhrif á afkomuna.

Allar breytingar á fjárhagsstöðu heimilanna, hvort sem er samdráttur eða þensla, koma hvað hraðast fram í umsvifum verslunar. Þannig sýnir öll tölfræði sem snertir verslun að efnahagshrunið 2008 olli miklum og skyndilegum samdrætti í greininni. Á sama hátt hefur verslun notið góðs af auknum kaupmætti á undanfögnu ári með jöfnum vexti. Þetta er vitaskuld misjafnt eftir tegundum verslana. Þannig eru sérvöruverslanir almennt næmari fyrir sveiflum í efnahagsumhverfinu heldur en dagvöruverslanir og þær sem selja aðra nauðsynjavöru.

Þó einkaneysla aukist eru blikur á lofti sem gætu dregið úr þessum vexti. Á meðan gjaldeyrishöft eru við líði sem varna því að fjármagn leiti úr landi er von til að innlend neysla aukist áfram en hins vegar er tvísýnt um hver áhrifin verða þegar kemur að afnámi haftanna. Ef afnám gjaldeyrishafta leiðir til mikils gengisfalls krónunnar dregur það úr kaupmætti sem aftur hefði neikvæð áhrif á verslun.

Í Árbók verslunarinnar er tekin saman tölfræði úr ýmsum áttum sem snertir verslun á einn eða annan hátt. Megintilgangurinn er að auðvelda þeim sem stjórna verslunum eða hafa hug á verslunarrekstri að taka ákvarðanir á grundvelli þess hvar tækifærin og vaxtamöguleikarnir eru mestir.

Meðal þess sem tekið er saman í Árbókinni er lýðfræðileg samsetning á Íslandi eftir landssvæðum. Bæði aldurssamsetning í hverjum landshluta og kynjaskipting. Þar er einnig gerð grein fyrir tekjum á hvern íbúa að meðaltali í samanburði við heildartekjur á landinu. Þessar upplýsingar eru verðmætar fyrir þá sem hyggja á verslunarrekstur hvar sem er á landinu.

Það er von Rannsóknaseturs verslunarinnar að þessar upplýsingar ásamt annarri tölfræði sem er að finna í bókinni stuðli að aukinni fagmennsku í rekstri verslana.

Emil B. Karlsson


Forstöðumaður Rannsóknaseturs verslunarinnar

Ytri skilyrði verslunar á Íslandi

1.1. Landsframleiðsla

Hagvöxtur á Íslandi var 3,3% árið 2013 samanborið við 1,5% árið 2012 og hefur nú verið jákvæður þrjú ár í röð. Þrátt fyrir að landsframleiðsla hafi ekki náð sömu hæðum og fyrir bankakreppuna 2008 er landsframleiðsla nú orðin meiri en var árið 2006 en eingöngu árin 2007 og 2008 var hún hærri á föstu verðlagi. Í alþjóðlegum samanburði kemur Ísland einnig vel út en það mælist með næst mesta hagvöxt OECD ríkja árið 2013, meðalhagvöxtur OECD ríkja á árinu var um 1,3%. Meðaltal hagvaxtar hinna Norðurlandanna er heldur undir væntingum eða tæp 0,3% árið 2013 en var um 0,6% árið 2012.

Mynd 1. **Magnvísitala landsframleiðslu** (blá / vinstri ás) **og hagvöxtur** (rauður / hægri ás).
GDP volume, index (blue / left axis) **& annual growth** (red / right axis).



Heimild myndar: Hagstofan. Heimildir texta: Hagstofan og Stats.oecd.org.

1.2. Kaupmáttur launa

Kaupmáttur launa hækkaði um 1,7% árið 2013 og svipaða þróun má sjá ef litið er til meðaltals ársins miðað við meðaltal fyrra árs. Miklar sviptingar hafa verið í kaupmætti launa undanfarin ár, allt frá hámarki góðærisins 2007-2008 og þar til áhrif efnahagshrunsins í kjölfarið höfðu komið hvað harðast niður á kaupmætti árið 2010. Árið 2013 var kaupmáttur þannig svipaður því sem gerðist árið 2005, 9,4% lægri en þegar best lét í janúar 2008 en 5,5% hærra en þegar kaupmáttur var lægstur í maí 2010. Kaupmáttur launa er einkar mikilvægur fyrir verslun og verður því að teljast nokkuð neikvætt að vöxtur kaupmáttar haldi ekki í við hagvöxt.

Mynd 2. **Vísitala kaupmáttar launa** / Purchasing power, index.




Heimild Hagstofan

1.3. Neysla matar og drykkjarvara

Vöxtur einkaneyslu árið 2013 var um 1,2% frá fyrra ári en á sama tímabili jókst neysla matar og drykkjarvöru um 3,3% á föstu verðlagi. Lítið til ársloka 2013 hefur einkaneysla lítið náð sér á strik eftir efnahagshrunið og var nú eingöngu 6,3% hærra en í lággildi sínu árið 2009. Ef leita á að lægra raungildi einkaneyslu fyrir hrún þarf að fara aftur til ársins 2004. Í samanburði við landsframleiðslu og kaupmátt launa er einkaneysla því sá mælikvarði sem hvað hægst tekur við sér eftir efnahagshrunið 2008. Þrátt fyrir þennan hæga vöxt til ársloka 2013 sýna fyrstu niðurstöður þjóðhagsreikninga fyrir fyrsta ársfjórðung 2014 3,9% vöxt á einkaneyslu frá sama tímabili 2013 og gert er ráð fyrir töluverðri aukningu á einkaneyslu árin 2014 og 2015 í þjóðhagsspá Hagstofunnar. Neysla dagvöru hefur vaxið töluvert umfram aðra þætti einkaneyslu undanfarin ár og hefur nú aldrei verið hærra að raunvirði. Þannig er neysla á dagvörum tæpum 7% meiri en þegar mest var fyrir efnahagshrunið. Í kjölfar hrunsins breyttist samsetning einkaneyslu nokkuð, sem dæmi má nefna að frá 2007 til 2013 dróst undirflokkurinn tólmstundir og stærri tæki saman um 59% og kaup ökutækja dróst saman um 77% á föstu verðlagi.


Mynd 3. **Einkaneysla, neysla matar og drykkjarvara, fast verðlag** / Private consumption (red), consumption of food and non-alcoholic beverages (blue), index 2005=100, fixed prices



Heimild: Hagstofan

Samsetning einkaneyslu á milli stærstu flokka hennar tekur óverulegum breytingum á milli ára en samsetning stærstu flokka einkaneyslu er nokkuð óbreyttur frá árinu 2009. Stærsti einstaki flokkurinn er húsnæði, hiti og rafmagn, sem telur um 23% en næst á eftir koma matvörur með 14% hlutdeild í einkaneyslu.

Mynd 4: **Samsetning einkaneyslu** / Consumption, compounded proportions




Heimild: Hagstofan

Umfang íslenskrar verslunar

2.1. Heildarvelta í smásöluverslun

Árið 2013 var heildarvelta smásöluverslunar án virðisaukaskatts tæpir 359 milljarðar króna samanborið við 341 milljarð árið á undan. Vöxtur í veltu smásöluverslunar var því um 5,3% að nafnvirði eða 1,4% umfram verðbólgu frá fyrra ári samanborið við 1,1% árið 2012.

Mynd 5. Heildarvelta í smásöluverslun skv. VSK skýrslum, fast verðlag / Retail turnover from VAT records, billions, fixed prices.




Heimild: Hagstofan

2.2. Framlag verslunar til landsframleiðslu

Árið 2013 var hlutur verslunar 8,9% af landsframleiðslunni, sjávarútvegs 10,7% og iðnaðar 8,4%. Smásöluverslun nam um 3,3% landsframleiðslu eða um 31% verslunar, heildverslun 4,6% landsframleiðslu eða 52% verslunar og viðhald bifreiða um 1% landsframleiðslu eða 12% verslunar. Allir lækka þessir mælikvarðar lítillega frá fyrra ári, er því ljóst að aðrar greinar en ofangreindar hafa hlutfallslega sótt í sig veðrið á sama tíma. Ekki kemur á óvart að margir þessara vaxandi atvinnuvega tengjast með einum eða öðrum hætti ferðaþjónustu, svo dæmi sé nefnt eykst hlutur gististaða og veitingaþjónustu um rúm 8% á milli árána 2012 og 2013 og hlutur leigustarfsemi að frátalinni fasteignaleigu sem meðal annars inniheldur bílaleigu jókst einnig um rúm 8%.

Mynd 6. **Hlutfall verslunar í landsframleiðslu / GDP composition**



Heimild: Hagstofa Íslands

2.3 Velta smásöluverslunar eftir flokkum

Mest velta smásöluverslana árið 2013 var í þeim flokki sem aðallega selur mat og aðrar drykkjarvörur en velta þess flokks var rúmum 204 milljarðar án VSK, um 1,4% hærrí upphæð en árið á undan á föstu verðlagi. Næst mest er veltan í flokki verslana með heimilisbúnað, 31,5 milljarðar og jókst hann um 4,3% frá árinu 2012 en flokkurinn telur húsgögn, gólfefni, textíl og stærri heimilistæki. Velta byggingavöruverslana dróst saman um 1% að raunvirði frá árinu 2012 og var rúmur 31 milljarður 2013. Mesta veltuaukningin samkvæmt virðisaukaskattskýrslum árið 2013 varð í flokki lyfja, lækningavara og snyrtivara eða rúm 6% að raunvirði en mest varð lækkunin í smásölu úr söluvögnum og mörkuðum, 17,5%. Þess ber þó að geta að flokkur söluvagna og markaða er sá minnsti sem getið er hér og gæti tilfærsla einstaka fyrirtækja á milli VSK flokka haft nokkur áhrif á áreiðanleika talna.

Tafla 1. Velta skv. virðisaukaskattskýrslum án VSK, fast verðlag, milljónir króna. / Retail turnover extracted from VAT-records, constant prices, mio ISK.

Flokkun verslunar í VSK skrá	2012	2013	Breyting
Dagvara, stórmarkaðir og áfengi *	201.397	204.306	1,44%
Heimilisbúnaður	30.245	31.533	4,26%
Byggingavörur	31.494	31.179	-1,00%
Lyf, lækningav. og snyrtiv.	24.211	25.669	6,02%
Fatnaður og skór	23.612	23.560	-0,22%
Menning og afþreying	15.955	15.820	-0,85%
Upplýsinga og fjarskiptabúnaður	10.526	10.583	0,54%
Blóm, gæludýr ofl.	2.851	2.727	-4,36%
Úr og skartgripir	1.655	1.553	-6,20%
Smásala úr söluvögnum og á mörkuðum	123	102	-17,49%
Aðrir flokkar sérverslunar	11.987	11.913	-0,62%


Heimild Hagstofan

* Flokkurinn inniheldur alla virðisaukaskattskylda sölu fyrirtækja í ÍSAT2008 flokkum 47.1x, 47.2x og 47.3x. Auk sölu dagvöru í stórmörkuðum, dagvöruverslunum og dagvörusölu bensínstöðva kemur því einnig inn í töluna sala sérvöru í stórmörkuðum, áfengis í vínbúðunum og tóbaks. Sala áfengis árið 2013 var 18.2 ma. kr. og tóbaks 9,1 ma. kr. samkvæmt ársskýrslu ÁTVR en velta flokks dagvöru í töflu 1 var þá 176.971 milljónir króna að frádregnu áfengi og tóbaki. Sérvöru stórmarkaða er ekki hægt að undanskilja með opinberum gögnum.

2.4 Ferðamannaverslun

Árið 2013 komu 807.349 ferðamenn til landsins, 20% fleiri en árið á undan. Árið 2013 líkt og árin á undan hefur verið metár í komum ferðamanna til landsins og hefur fjöldi ferðamanna nær tvöfaldast frá árinu 2006. Ef miðað er við sjö dvalarnætur ferðamanna má því áætla að, að meðaltali hafi verið um 15.500 ferðamenn á hverjum tíma á Íslandi, tæp 5% landsmanna.


Mynd 7. **Fjöldi ferðamanna til landsins** / Number of inbound international tourists



Heimild: Ferðamálastofa.

Árstíðarsveifla í ferðapjónustu hefur tekið nokkrum breytingum á undanfórnum árum, þannig hefur hlutfallslega orðið meiri aukning á komum ferðamanna yfir vetrarmánuðina en sumarmánuðina. Sem dæmi um þetta komu 47% ferðamanna ársins 2012 í júní, júlí og ágúst en 44% árið 2013. Á mynd 8 má sjá hvernig árstíðarsveifla í fjölda ferðamanna hefur breyst frá 2010 en þar er fjölmennasti brottfaramánuður ferðamanna, ágúst notaður sem viðmið.


Mynd 8. Árstíðarsveifla í ferðaþjónustu, fjöldi ferðamanna, vísitala / Seasonality in tourism, number of tourists, index, aug=100



Heimild: Ferðamálastofa.

Greiðslukortavelta erlendra ferðamanna árið 2013 nam 90 milljörðum króna samanborið við 74,3 milljarða árið 2012. Ef tekið er tillit til verðbólgu var raunaukning greiðslukortaveltu erlendra ferðamanna 17% á milli ára, mest í bílaleigu og veitingaþjónustu um 26% en minnst í verslun og farþegaflutningum, 11%. Stærsti eintaki útgjaldaliður erlendra ferðamanna á Íslandi samkvæmt greiðslukortaveltu er gistingarfémi. Námu útgjöld til gistingar 18,1 milljarði árið 2013 og jukust um 21% frá fyrra ári. Þó skal tekið fram að ekki fer öll velta erlendra ferðamanna í gegnum greiðslukortanotkun hjá innlendum færsluhirði.


Mynd 9. **Samsetning greiðslukortaveltu erlendra ferðamanna** / Credit-card turnover of foreign tourists by categories and retail subcategories, mio ISK



Heimild: Rannsóknasetur verslunarinnar.

Greiðslukortavelta erlendra ferðamanna í verslun árið 2013 voru um 16 milljarðar króna, 11% hærra en árið 2012. Stærsti einstaki þáttur ferðamannaverslunar er fataverslun og nam hún tæpum 3,1 milljarði árið 2013 og jókst um 9,9% frá fyrra ári á föstu verðlagi. Dagvöruverslun er næst stærsti útgjaldaliður ferðamannaverslunar og nam 2,8 milljörðum á árinu og jókst mest allra flokka, um 21% frá fyrra ári.


Mynd 10. **Vöxtur ferðamannaverslunar 2012-2013 á föstu verðlagi skv. greiðslukortaveltu** / Real growth in retail turnover from tourism 2012-2013



Heimild: Rannsóknarsetur verslunarinnar.

Greint eftir þjóðernum, voru það ferðamenn frá Sviss sem greiddu hæstu upphæðina með greiðslukortum árið 2013, rúmum 212 þúsund krónum á hvern ferðamann en það er 83% meira en meðalferðamaðurinn. Næst á eftir Svisslendingum koma Rússar en þeir eyddu 182 þúsund krónur og þá Norðmenn með 161 þúsund krónur á hvern ferðamann. Minnst eyðsla á hvern ferðamann mælist meðal Pólverja, tæpar 29 þúsund krónur, tæpur fjórðungur af eyðslu meðal-ferðamannsins. Ríflega 8.300 Pólverjar með erlent ríkisfang höfðu fasta búsetu á Íslandi árið 2013, margfalt fleiri en þegnar annarra ríkja, nota margir þeirra íslensk greiðslukort en telja þó í landamæratáningunni og má því búast við að talan sé nokkuð bjöguð niður á við. Næst minnst er greiðslukortavelta Kínverja 37 þúsund krónur og þá Japana 44 þúsund krónur á hvern ferðamann.

Mynd 11. **Kortavelta á hvern erlendan ferðamann eftir þjóðernum** / Credit-card turnover of foreign tourists by nationality



Heimild: Rannsóknasetur Verslunarinnar, Ferðamálastofa.

2.5 Fjöldi verslana eftir tegund

Árið 2013 voru skráð 2.232 verslunarfyrirtæki í smásölu en það er fjölgun um 22 frá fyrra ári eða um 1%. Flest verslunarfyrirtæki á árinu höfðu skráningu sem fataverslanir eða 324, sex færri en árið 2012. Heildarvelta fataverslunar var þó eingöngu tæp 7% veltu smásölufyrirtækja og þarf fjöldinn því ekki að endurspeglar heildarumsvif innan smásöluverslunar. Mest fjölgun verslana frá fyrra ári er í flokki netverslana sem fjölga um 16 frá fyrra ári eða 11%. Netverslunum hefur fjölgað verulega undanfarin ár og eru sem dæmi tvöfalt fleiri en árið 2008 þegar einungis 79 verslunarfyrirtæki voru skráð sem netverslanir. Verslanir eru í raun fleiri en listinn ber með sér en ekki eru taldir útsölastaðir þeirra fyrirtækja sem reka fleiri en eitt útibú.

Tafla 2. Fjöldi smásölufyrirtækja eftir flokkum / Number of retail businesses by type.


Flokkun fyrirtækis	2012	2013	Breyting
Fataverslanir	330	324	-2%
Blóm, úr & skart, gleraugu & sjóntæki og ljósmyndavörur	186	181	-3%
Söluturnar og önnur blönduð sérvara	162	159	-2%
Netverslanir	140	156	11%
Íprótta og tómstundarvörur, leikföng	122	122	0%
Stórmarkaðir	119	120	1%
Smásala á mat og annarri matarkyns sérvöru	107	104	-3%
Húsgögn, ljós og búsaðhöld	105	100	-5%
Byggingavörur (málning, gólfefni o.þ.h.)	85	87	2%
Smásala á tölvum, hljóð- og fjarskiptabúnaði auk heimilistækja	81	85	5%
Lyf, lækningavörur, snyrtivörur og sápur	74	75	1%
Textílvörur	68	69	1%
Gæludýr og listmunir	70	73	4%
Notuð vara eða markaðir	54	51	-6%
Bækur, dagblöð og ritföng	47	46	-2%
Skór og leðurvörur	37	35	-5%
Bensínstöðvar	21	20	-5%
Tónlist og myndefni	16	15	-6%
Hljóðfæri	7	7	0%
Aðrar nýjar vörur	379	403	6%

Heimild: Hagstofan.

2.6 Gjaldþrot verslana

Árið 2013 urðu 172 eða 3,6% verslunarfyrtækja gjaldþrota, 16% færri en árið á undan þegar 205 verslunarfyrtækja urðu gjaldþrota. Sem fyrr er hlutfall verslunarfyrtækja sem verða gjaldþrota töluvert hærra en hlutfall gjaldþrota hjá öllum fyrirtækjum, sem var 1,4% á árinu. Sveiflur í gjaldþrotum virðist þó koma nokkuð líkt niður á verslunarfyrtækjum og öðrum fyrirtækjum en eins og mynd 11 ber með sér er nokkur fylgni á gjaldþrotum hvort sem um er að ræða verslanir eða önnur fyrirtæki. 83% gjaldþrota verslunarfyrtækja voru á höfuðborgarsvæðinu en 17% á landsbyggðinni árið 2013 en hlutfall gjaldþrota á landsbyggðinni er nú töluvert lægra en árin á undan og var 26% árin 2010-2012.

Mynd 12. **Gjaldþrot verslunarfyrtækja** / Number of bankruptcies among retail and wholesale businesses




Heimild: Hagstofan

2.7 Nýskráningar verslana

Árið 2013 voru 294 verslunarfyrirtæki nýskráð, svipað og 2012. Flest ný verslunarfyrirtæki eru einkahlutafélög, 265 á móti 18 samlagsfélögum og 11 sameignarfélögum. Þar sem verslunarfyrirtækjum fjölgaði um 56 á árinu, 294 voru nýskráð og 172 urðu gjaldþrota má leiða líkum að því að 66 verslunarfyrirtækjum hafi verið slitið án þrotameðferðar eða að öðru leyti verið afskráð sem verslunarfyrirtæki úr fyrirtækjaskrá. Þó hluti nýskráninga og gjaldþrota verslunarfyrirtækja stafi af eiginlegri endurnýjun í greininni má telja líklegt að í einhverjum tilvikum sé um skipulags- eða eignarhaldsbreytingar að ræða sem fela ekki í sér einföld slit heldur gjaldþrota- eða skilameðferð fyrirtækis. Þrátt fyrir þetta getur sama eða svipuð verslun risið á grunni hinnar gömlu.

Mynd 13. Nýskráningar og afskráningar verslunarfélaga / New retail and wholesale businesses compared to foreclosures.




Heimild: Hagstofan.

2.8 Fjöldi starfandi við verslun

Árið 2013 störfuðu 23.700 manns við verslun eða 13,6% af öllum starfandi en fjöldi starfsmanna í verslun jókst um 5,3% frá fyrra ári. Alls störfuðu 174.900 manns á atvinnumarkaði á Íslandi, 3,4% fleiri en árið á undan. Fjöldi starfandi lækkaði töluvert í kjölfar efnahagshrunsins 2008 þegar starfandi fluttu erlendis og atvinnuleysi jókst, alls varð fækkun starfandi um 6,5% frá 2008-2010 en nú er fjöldi starfandi einungis 2,3% lægri en árið 2008. Flestir starfa við þjónustu (utan verslunar), 110.300 manns eða 63,1% starfandi. Næst flestir starfa við framleiðslu, 32.700 eða 18,7% þá verslun og loks landbúnað og fiskveiðar 8.200 eða 4,7%. Stærsta breytingin á samsetningu atvinnugreina er í sjávarútvegi og fiskveiðum en þar fækkar starfandi um 1.600 manns eða 16,3% starfandi en árið á undan varð jafnframt 3,9% fækkun í greininni. Fjölgun verður í öllum öðrum greinum, hlutfallslega mest í framleiðslu 5,8%, þá verslun 5,3% og þjónustu 4,1%.


Mynd 14. **Hlutfall starfandi eftir atvinnugreinum** / Employment as a proportion of the workforce by industry.



Heimild: Hagstofan

Fjölgun starfandi við verslun er meiri á landsbyggðinni en höfuðborgarsvæðinu, 11,5% á landsbyggðinni en 3% á höfuðborgarsvæðinu. Að þessu sinni er fjölgun meðal kvenna og karla í verslunarstörfum nokkuð jöfn, 5,8% hjá konum og 5,7% hjá körlum, þrátt fyrir þetta má sjá ólíka þróun þegar greint er niður á bæði kyn og búsetu. Á landsbyggðinni stendur fjöldi kvenna í verslunarstörfum í stað frá fyrra ári en um 3.300 konur starfa í verslun utan höfuðborgarsvæðisins, körlum hins vegar fjölgar um 20,7% á landsbyggðinni og eru nú 3.500 en voru 2.900 í fyrra.


Mynd 15. **Fjöldi og hlutfall starfandi við verslun** / Employment in retail and wholesale (blue), retail & wholesale proportion of total employment (red).



Heimild: Hagstofan.

Frá árinu 2000 hefur heildarfjöldun starfandi óháð atvinnugreinum verið 11,8% en á sama tíma fjölgaði starfandi við verslun um 8,2%. Í þessu felst að þegar horft er á tímabilið frá 2000 hefur hlutfall starfandi við verslun af heildarfjölda starfandi farið lækkandi en samanborið við 13,6% árið 2013 hlutfallið 14% árið 2000. Starfandi við verslun á landsbyggðinni hefur hlutfallslega fjölgað meira en á höfuðborgarsvæðinu, úr 6.000 í 6.800 eða um 13,3%. Á höfuðborgarsvæðinu hefur starfandi við verslun einungis fjölgað um 6,3% frá árinu 2000, þar störfuðu 15.900 við verslun árið 2000 en 16.900 árið 2013.

Mynd 16. **Fjöldi starfandi í verslun eftir landsvæði** / Number employed in retail and wholesale by metropolitan status.




Heimild: Hagstofan.

3.1 Laun í verslun

Miðgildi reglulegra heildarlauna í verslun voru 395 þúsund krónur árið 2013, 3,7% hærra að raunvirði en árið á undan, samanborið við 3,2% raunhækkun launa allra stétta. Laun verslunarfólks, sem vermdu neðsta sætið í samanburði á milli allra bálka atvinnugreina árið 2012 eru nú komin í næst neðsta sætið og skjóta þannig launum fræðslustarfsmanna ref fyrir rass en þeir eru með 384 þúsund krónur á mánuði. Laun í fjármálastarfsemi hækka mest á árinu, um 5,5% að raunvirði en þau hækkuðu einnig mest árið 2012, þá um 4,5% frá fyrra ári. Laun eru einnig næst hæst í fjármálastarfsemi 562 þúsund krónur á mánuði en hæst laun hafa veitustarfsmenn, 587 þúsund krónur á mánuði. Laun í byggingastarfsemi eru þau einu sem lækka frá fyrra ári, um 4,5% og voru 452 þúsund krónur árið 2013.


Mynd 17. **Breyting reglulegra heildarlauna eftir bálkum atvinnugreina, fast verðlag /**
 Changes in regular income by industry, fixed prices.



Heimild: Hagstofan.

Greint eftir starfsstéttum eru stjórnendur sem fyrr með hæst regluleg heildarlaun, 824 þúsund krónur á mánuði en á hæla þeirra koma sérfræðingar með 648 þúsund krónur á mánuði. Lægst laun hefur almennt afgreiðslufólk í dagvöruverslun 282 þúsund krónur á mánuði en næst lægst laun eru í flokki þjónustu, sölu og ummönnunar eða 354 þúsund krónur á mánuði. Laun stjórnenda hækkuðu mest árið 2013, um 7,4% að raungildi frá fyrra ári og þá sérstaklega laun kvenna í stjórnendastöðum, um 14,8% frá 2012 en hækkun launa karla í stjórnendastöðum var 6,9%. Mest lækkun frá fyrra ári er á launum sérfræðinga og lækka þeir óháð kyni um 5,5%.

Mynd 18. Miðgildi reglulegra heildarlauna eftir starfsstétt og kyni / Median regular income by profession and gender, x1000 ISK.



Heimild: Hagstofan.

3.2 Launakönnun VR

Samkvæmt árlegri launakönnun VR var miðgildi heildarlauna í smásöluverslun 394 þúsund krónur árið 2013 og lækkaði um 0,1% að raunvirði frá fyrra ári. Í heildverslun var miðgildi heildarlauna heldur hærra eða 457 þúsund krónur á mánuði og hækkaði að raunvirði um 2,4% frá könnun árið á undan. Í smásölu var mest hækkun launa hjá dagvöruverslunum eða 5,1% umfram verðlagsþróun en mest lækkun varð á launum í byggingavöruverslun, 4,4% að raunvirði. Í heildverslun hækkuðu laun mest í sölu matvæla, um 6,9% frá fyrra ári, heildverslun með matvæli var árið 2012 lægst launaði flokkurinn innan heildverslunar en er nú nálægt miðgildi í heildverslun. Í allri verslun eru laun nú sem áður lægst í dagvöruverslun 371 þúsund krónur á mánuði en hæst laun fá þeir sem starfa við bílasölu eða á bensínstöðvum 475 þúsund krónur á mánuði.

Tafla 3. Miðgildi heildarlauna eftir atvinnugreinum, fast verðlag / Median monthly salaries in retail and wholesale by industry, fixed prices.

Eftir atvinnugreinum	2012	2013	breyting
Smásöluverslun	395	394	-0,1%
Dagvöruverslanir	353	371	5,1%
Byggingavöruverslanir	415	397	-4,4%
Apótek og snyrtivöruverslanir	372	381	2,5%
Heildverslun	447	457	2,4%
Bílasala og bensínstöðvar	467	475	1,7%
Heildverslun með matvæli	426	455	6,9%
Lyf, fatnaður og heimilisbúnaður	457	431	-5,7%
Heildverslun með hrávöru	475	450	-5,2%

Heimild: VR

Greint eftir starfsstéttum var miðgildi heildarlauna sölu- og afgreiðslufólks 390 þúsund krónur á mánuði árið 2013 og hækkaði að raunvirði um 4,3% frá árinu á undan. Lægst laun hafa kassastarfsmenn, 266 þúsund á mánuði en laun þeirra hækkuðu um 3,3% umfram verðlag frá árinu 2012. Hæst laun sölu- og afgreiðslufólks hafa sölufulltrúar en miðgildi heildarlaun þeirra var 420 þúsund krónur á mánuði árið 2013, 3,7% hærra en árið 2012 að teknu tilliti til verðlagsþróunar. Við túlkun launatalna eftir starfsstéttum ber þó að hafa í huga að svarendur merkja sjálfir við starfsstétt sína og fá svör eru að baki sumum tölunum. Sem dæmi má nefna að eingöngu 10 svör eru á bak við launatölu um afgreiðslu á kassa og að nær helmingur þeirra 631 sem starfa við sölu og afgreiðslustörf segjast starfa sem sölufulltrúar.

Tafla 4. **Miðgildi heildarlauna eftir starfsstéttum, fast verðlag** / Median monthly salaries by retail or wholesale profession, fixed prices.


Eftir starfsstéttum	2012	2013	breyting
Alls, sölu og afgreiðslufólk	374	390	4,3%
Afgreiðsla í sérvöru	308	337	9,3%
Afgreiðsla í matvöru	291	313	7,7%
Afgreiðsla á kassa	258	266	3,3%
Vaktstjórar	335	350	4,4%
Sala í ferðapjónustu	352	354	0,6%
Sölufulltrúar	405	420	3,7%

Heimild: VR.

4.1 Fermetrafjöldi verslana á höfuðborgarsvæðinu og landsbyggðinni

Verslunarrými á landinu taldi 1.241.086 m² árið 2013, 31.309 fleiri m² en árið 2012 eða 2,6% aukning í fermetrafjölda. Aukningin nú er talsvert meiri en tvö undanliðin ár en aukningin 2012 var 1% og 0,6% árið 2011. Verslunarrými á höfuðborgarsvæðinu stækkar mest frá fyrra ári eða um 27.687 m² eða 3,2% frá fyrra ári á meðan verslunarrými á landsbyggðinni stækkar um 3.622 m² eða 1,1%. Á mynd 19 má sjá hvernig þróunin hefur verið í stærð verslunarhúsnæðis undanfarin ár. Á uppgangstímanum fyrir efnahagshrunið 2008 var vinna hafin við fjölmargar fasteignir, meðal annars verslunarhúsnæði, sem síðan kláruðust á árunum 2009-2010. Þau sömu ár voru framkvæmdir þó sjaldan hafnar við nýbyggingar og stækkaði verslunarhúsnæði því lítið næstu ár. Stækkun verslunarhúsnæðis undanfarinn áratug hefur verið í kring um 3% að meðaltali og er 2,6% vöxtur í fermetrafjölda verslunarhúsnæðis því rétt undir meðaltali. Samkvæmt heimildum Þjóðskrár geta einstaka byggingar færst á milli skráningarflokka. Sem dæmi geta byggingar sem áður voru skráðar sem iðnaðarhúsnæði nú verið skráðar sem verslunarhúsnæði og gætu því skekkt myndina.

Mynd 19. Verslunarrými í fermetrum / Retail property in square meters by region.



Heimild: Þjóðskrá.

4.2 Verslunarhúsnæði á höfuðborgarsvæðinu

Höfuðborgarsvæðið skiptist í Reykjavík, Kópavog, Hafnarfjörð, Seltjarnarnes, Garðabæ og Mosfellsbæ. Árið 2013 bættust 27.687 m² við verslunarhúsnæði á höfuðborgarsvæðinu í samanburði við 10.947 m² árið 2012 og 1.613 m² árið 2011. Rúmlega 72% alls verslunarhúsnæðis á Íslandi er á höfuðborgarsvæðinu. Stærsta verslunarhúsnæðið á höfuðborgarsvæðinu er Smáralind, ríflega 62.072 m² en næst á eftir kemur Kringlan 53.000 m² og þá Korputorg, 45.550 m².

Á síðustu tíu árum hefur verslunarrými á höfuðborgarsvæðinu aukist um 35%, eða úr 663 þús. m² í 897 þús. m². Stærstur hluti þessa rýmis eru nýjar verslunarmiðstöðvar og stórar verslanir í útjaðri bæjarfélaga.

Á höfuðborgarsvæðinu er 30% verslunarrýmis undir verslunarmiðstöðvar. Eins og áður segir er Smáralind stærst, þá Kringlan, sem áformar að stækka á næstunni og þar á eftir Korputorg. Þarna eru ekki meðtaldar stórar verslanir eins og Kaupþún í Garðabæ, Lindir í Kópavogi, nýlegar verslanir á Grandá í Reykjavík eða stór verslunarhúsnæði í Mosfellsbæ. Ætla má að ef heildarrými verslunarmiðstöðva ásamt „stórverslunum“ eins og hér hafa verið upp talin, séu samanlagt meira en helmingur verslunarhúsnæðis á höfuðborgarsvæðinu. Hlutfall stórra verslana og verslunarmiðstöðva eykst stöðugt á kostnað lítilla sjálfstæðra verslana.

Á höfuðborgarsvæðinu eru 4,3 m² verslunarrýmis á hvern íbúa að meðaltali, sem er mun meira en utan höfuðborgarinnar. En vissulega þjóna verslanir á höfuðborgarsvæðinu að miklu leyti íbúum landsbyggðarinnar auk auknum fjölda erlendra ferðamanna sem koma til borgarinnar.

4.2.2 Reykjavík

Árið 2013 voru 561.908 m² verslunarhúsnæðis í Reykjavík eða 45% alls verslunarhúsnæðis á Íslandi. Borið saman við fyrra ár stækkaði verslunarhúsnæði í Reykjavík um 26.971 m² eða 5% en það er 97,4% fermetraaukningar verslunarhúsnæðis á landinu öllu. Frá 2003 hefur fermetrum verslunarhúsnæðis í Reykjavík fjölgað um 22,4% eða 103.100 m², svipað flatarmál og Kringlan og Smáralind samanlagt.

4.2.3 Kópavogur

Fermetrafjöldi verslunarhúsnæðis í Kópavogi var 194.238 m² árið 2013, 1.176 m² eða 0,6% meiri en árið 2012. Verslunarrými í Kópavogi hefur vaxið mjög mikið frá aldamótum en frá árinu 2000 hefur verslunarrými vaxið um 142% og munar þar mestu um Smáralind sem telur ríflega 62.000 m² og ríflega tvöfaldaði þáverandi verslunarpláss þegar hún var opnuð árið 2001. Lítill vöxtur hefur þó verið á verslunarplássi í Kópavogi undanfarin ár en sem dæmi hefur verslunarrými eingöngu stækkað um 20 m² frá árinu 2010.

4.2.4 Garðabær

Garðabær er þriðji stærsti verslunarbærinn á höfuðborgarsvæðinu í fermetrum talið, en þar voru 74.665 m² verslunarhúsnæðis árið 2013. Fermetrum verslunar í Garðabæ fjölgaði um 159,1 á síðasta ári en árið 2012 voru 134,4 m² verslunarpláss á Álftanesi sem síðar sameinaðist Garðabæ, mismunurinn er því aðeins 24,7 m². Verslunarpláss í Garðabæ hefur aukist hratt síðasta áratuginn en það má helst þakka nokkrum mjög stórum byggingum. Árið 2005 voru fermetrar verslunarhúsnæðis í Garðabæ 12.503 eða tæp 17% þess sem var 2008. Árin eftir var byggður upp kjarni stórra vöruhúsa í Kaupþungi sem hýsa m.a. IKEA, Toyota, Max og fleiri fyrirtæki. Síðustu ár hefur einnig nokkur uppbygging orðið í miðbæ Garðabæjar þar sem Hagkaup og fleiri fyrirtæki reka nú verslanir.

4.2.5 Hafnarfjörður

Árið 2013 voru 49.025 m² verslunarhúsnæðis í Hafnarfirði og fækkaði þeim um 484 m² eða 1% frá fyrra ári. Verslunarrými í Hafnarfirði hefur ekki vaxið jafn ört og í hinum stóru sveitarfélögunum á höfuðborgarsvæðinu og er aðeins 13% stærra í fermetrum talið en árið 2000.

4.3 Samanburður á stærð verslunarhúsnæðis eftir sveitarfélögum

Árið 2013 voru að meðaltali 3,88 m² verslunarhúsnæðis á mann á Íslandi, um 0,07 fleiri en árið 2012 eða aukning upp á 1,9% frá fyrra ári. Flestir fermetrar verslunarhúsnæðis á mann eftir sveitarfélögum eru í Hörgársveit en þar stendur hver maður að baki 10,8 m² verslunarrýmis. Hörgársveit telur einungis 566 íbúa og liggur í útjaðri Akureyrarkaupstaðar en vöruhús í útjaðri bæjarins telja til Hörgársveitar. Næst á eftir Hörgársveit koma nágrannasveitarfélögin Kópavogur og Garðabær með 6,1 og 5,4 m² á mann. Minnst verslunarrými á mann má finna í Vogum þar sem aðeins 0,18 m² verslunarrýmis eru á mann. Mest hlutfallsleg aukning verslunarrýmis árið 2013 frá fyrra ári var í Borgarbyggð þar sem fermetrum verslunarrýmis fjölgaði um 1.206 eða 11,7% frá árinu 2012. Samkvæmt forstöðumanni framkvæmdarsviðs Borgarbyggðar má líklega skýra aukninguna með endurbættum á eldra verslunarhúsnæði N1 og Skeljungs ásamt breyttri skráningu vegna nýs deiliskipulags í gamla miðbænum. Hlutfallslega varð næst mest aukning í Húnaþingi vestra þar sem verslunarhúsnæði jókst um 6,6% eða 268 m². Mesta aukningin í fjölda fermetra verslunarhúsnæðis varð eins og áður sagði í Reykjavík þar sem 26.971 m² frá fyrra ári. Verslunarrými minnkaði mest í Strandabyggð, um 29,2% eða 461 m² en skýrist það af breyttri skráningu á gamla kaupfélagshúsinu samkvæmt byggingafulltrúa Strandabyggðar.

Tafla 5. **Fermetrar verslunarhúsnæðis (á mann) eftir sveitarfélögum** / Retail properties size in square meters (per capita) by municipalities.


Sveitarfélag	m ²	m ² á mann	breyting frá fyrra ári		m ²	m ² á mann	breyting frá fyrra ári
Reykjavík	561.908	4,7	5,0%	Akureyri	79.354	4,4	-0,3%
Kópavogur	194.238	6,1	0,6%	Norðurþing	8.192	2,9	0,0%
Seltjarnarnes	7.097	1,6	0,0%	Fjallabyggð	4.815	2,4	0,0%
Garðabær	74.665	5,4	0,0%	Dalvíkurbyggð	2.052	1,1	0,0%
Hafnarfjörður	49.025	1,8	-1,0%	Eyjafjarðarsveit	748	0,7	-3,6%
Mosfellsbær	10.114	1,1	0,0%	Höngársveit	6.139	10,8	0,0%
Reykjanesbær	52.556	3,7	5,1%	Svalbarðsstrandarhr.	657	1,6	0,0%
Grindavíkurbær	3.436	1,2	0,0%	Grýtubakkahreppur	497	1,4	0,0%
Sandgerði	1.842	1,2	0,0%	Skútustaðahreppur	259	0,7	0,0%
Garður	338	0,2	0,0%	Þingeyjarsveit	569	0,6	0,0%
Vogar	201	0,2	0,0%	Langanesbyggð	1.366	2,6	0,0%
Akranes	17.353	2,6	-2,8%	Seyðisfjörður	1.377	2,0	0,0%
Hvalfjarðarsveit	381	0,6	0,0%	Fjarðabyggð	12.342	2,7	0,0%
Borgarbyggð	11.534	3,3	11,7%	Vopnafjarðarhreppur	1.958	2,8	0,0%
Grundarfjarðarbær	1.288	1,4	0,0%	Borgarfjarðarhreppur	454	3,5	0,0%
Stykkishólmur	2.132	1,9	0,0%	Breiðdalshreppur	428	2,4	0,0%
Eyja- og Miklaholtshr.	94	0,6	0,0%	Djúpavogshreppur	933	2,1	0,0%
Snæfellsbær	2.390	1,4	0,0%	Fljótsdalshérað	15.762	4,6	0,0%
Dalabyggð	916	1,4	0,0%	Hornafjörður	5.556	2,6	0,0%
Bolungarvík	3.063	3,3	0,0%	Vestmannaeyjar	14.197	3,4	3,9%
Ísafjarðarbær	13.946	3,7	0,0%	Sveitarfélagið Árborg	30.820	3,9	0,7%
Reykhólahreppur	498	1,8	0,0%	Mýrdalshreppur	927	2,0	0,0%
Tálknafjarðarhreppur	1.461	5,0	0,0%	Skaftárhreppur	803	1,8	0,0%
Vesturbyggð	2.239	2,4	5,4%	Rangárþing eystra	3.400	2,0	-1,0%
Súðavíkurhreppur	369	2,1	0,0%	Rangárþing ytra	1.787	1,2	0,0%
Árneshreppur	223	4,1	0,0%	Hrunamannahreppur	871	1,1	0,0%
Kaldrananeshreppur	172	1,7	0,0%	Hveragerði	5.099	2,2	0,9%
Strandabyggð	1.117	2,2	-29%	Sveitarfélagið Ölfus	2.524	1,3	0,0%
Skagafjörður	10.652	2,7	0,3%	Grímsnes- og Grafningsshr.	254	0,6	0,0%
Húnaþing vestra	4.305	3,7	6,6%	Skeiða- og Gnúpverjahr.	385	0,8	0,0%
Blönduóssbær	3.505	4,0	0,0%	Bláskógabyggð	2.531	2,8	6,3%
Skagaströnd	975	1,9	0,0%				

Heimild: Þjóðskrá, Hagstofan.

4.4 Fjöldi kaupsamninga með verslunarhúsnæði

Árið 2013 voru gerðir 70 kaupsamningar með verslunarhúsnæði á landinu, samanborið við 58 árið á undan. Öll fjölgun í kaupsamningum með verslunarhúsnæði er á landsbyggðinni en kaupsamningar á landsbyggðinni voru 34 árið 2013 samanborið við 21 árið 2012. Kaupsamningar á höfuðborgarsvæðinu voru 36 árið 2013 og fækkar um einn frá fyrra ári. Fermetraffjöldi þeirra eigna sem skipti um hendur var 27.587, 15.305 m² á höfuðborgarsvæðinu og 12.282 m² á landsbyggðinni. Þar sem aukning í fjölda kaupsamninga árið 2013 frá fyrra ári sé eingöngu 21% er aukning á fermetraffjölda þeirra eigna sem undir samningana falla 64%, má af því álykta að nú gangi stærri eignir kaupum og sölum en áður.


Mynd 20. **Fjöldi kaupsamninga með verslunarhúsnæði** / Number of sales contracts for retail properties by region.



LEIÐSÖGUR, EYJÓSSNA.

Allt frá árinu 2010 hefur kaupsamningum fjölgað ár frá ári á höfuðborgarsvæðinu en árið 2013 fækkar þeim um einn frá fyrra ári. Á höfuðborgarsvæðinu voru 33 af þeim 36 sem gerðir voru með verslunarhúsnæði árið 2013 í fjórum stærstu sveitarfélögunum, Reykjavík, Kópavogi, Hafnarfirði og Garðabæ, afgangurinn, þrír kaupsamningar voru á árinu gerðir á Seltjarnarnesi. Meðal fjögurra stærstu sveitarfélaganna fjölga kaupsamningum mest í Garðabæ en þar voru gerðir fimm kaupsamningar árið 2013 samanborið við einn árið 2012 og engan kaupsamning árin 2010-2011. Kaupsamningum með verslunarhúsnæði fækkar mest í Kópavogi, um fimm, en þeir voru níu árið 2012 en fjórir árið 2013.

Mynd 21. **Fjöldi kaupsamninga á höfuðborgarsvæðinu** / Number of sales contracts for retail properties in the capital region.




Heimild: Þjóðskrá.

4.5 Fermetraverð verslunarhúsnæðis

Vegið meðalverð á m² verslunarhúsnæðis árið 2013 var 89.459 krónur og lækkaði talsvert frá fyrra ári þegar það var 123.803 krónur. Ofangreind tala er þó mögulega nokkuð bjagaður mælikvarði á hefðbundið fermetraverð enda nokkuð um útlaga í lægri kantinum sem draga verðið niður. Sem dæmi má nefna að í tilteknum kaupsamningi með tæplega 500 m² húsnæði á landsbyggðinni var fermetraverðið tæpar níu þúsund krónur og í öðrum samningi með tæplega 700 m² eign var fermetraverðið tæpar 13.000 krónur. Meðalfermetraverð verslunarhúsnæðis á höfuðborgarsvæðinu var 138.121 krónur samanborið við 149.644 krónur árið á undan, en það er 7,7% lækkun að nafnvirði. Fermetraverð á landsbyggðinni var 58.426 krónur árið 2013 samanborið við 100.308 krónur árið 2012 og lækkar vegið meðalfermetraverð á landsbyggðinni því um 42% að nafnvirði. Í þessu samhengi má benda á að meðalstærð fasteigna sem gengu kaupum og sölum á landsbyggðinni jókst mikið milli ára eins og kom fram í kafla 4.4 en fermetraverð stærri fasteigna er gjarnan lægra en minni fasteigna.

Mynd 22. Fermetraverð verslunarhúsnæðis / Retail properties price per square meter.



Heimild: Þjóðskrá.

Verzlun eftir landsvæðum, tekjum og aldri

5.1. Íbúafjöldi

Í árslok 2013 bjuggu 325.671 manns á Íslandi en það er fjölgun um 1,2% frá árinu á undan. Karlar voru 965 fleiri en konur eða rúm 50,1% mannfjöldans en karlar hafa verið fleiri en konur óslitið frá árinu 1950. Af íbúum landsins voru 302.930 íslenskir ríkisborgarar og 22.690 erlendir ríkisborgarar með fasta búsetu, tæp 7% mannfjöldans. Íslendingum fjölgaði um 3.814 á árinu, fæddir umfram látna voru 2.180 og brottfluttir umfram aðflutta voru 1.598. Brottfluttir íslenskir ríkisborgarar voru 36 umfram aðflutta en aðfluttir erlendir ríkisborgarar voru hins vegar 1.634 umfram brottflutta en lækkaði þó hlutfall erlendra ríkisborgara um 0,1% mannfjöldans, aðallega vegna fjölgunar mannfjöldans en einnig eftir veittum íslenskum ríkisföngum. Flutningsjöfnuður árið 2013 var í fyrsta skipti jákvæður frá árinu 2009 þegar metár var í fjölda brottfluttra umfram aðfluttra, en þá fluttust af landi brott 4.835 umfram aðflutta. Þrátt fyrir þetta, sé litið til lengra tímabils, hefur flutningsjöfnuður síðastliðinn áratug verið töluvert jákvæður en frá árinu 2003 hafa tæplega 8.700 manns flust til landsins umfram brottflutta, 17.000 erlendir ríkisborgarar en um 8.300 íslenskir þegnar hafa flust brott umfram aðflutta á sama tíma.

Tafla 6. **Mannfjöldi í árslok** / Human population, end of year, by regions.

Mannfjöldi í árslok	2005	2006	2007	2008	2009	2010	2011	2012	2013	Breyting
Alls	299.891	299.891	307.672	315.459	319.368	317.630	318.452	319.575	321.857	0,71%
Höfuðborgarsvæðið	187.426	191.919	197.945	201.251	200.907	202.341	203.594	205.675	208.752	1,50%
Suðurnes	17.915	18.912	20.659	21.544	21.359	21.088	21.242	21.206	21.560	1,67%
Vesturland	14.877	15.029	15.569	15.707	15.370	15.379	15.368	15.381	15.441	0,39%
Vestfirðir	7.446	7.361	7.238	7.287	7.266	7.037	6.955	7.031	6.972	-0,84%
Norðurland vestra	7.623	7.557	7.482	7.499	7.490	7.493	7.299	7.271	7.245	-0,36%
Norðurland eystra	27.952	28.041	28.421	28.573	28.379	28.501	28.506	28.503	28.560	0,20%
Austurland	14.239	15.886	14.483	13.357	12.980	12.811	12.868	12.957	13.055	0,76%
Suðurland	22.413	22.967	23.662	24.150	23.879	23.802	23.743	23.833	24.086	1,06%
Breyting frá fyrra ári	2,15%	2,59%	2,53%	1,24%	-0,54%	0,26%	0,35%	0,71%	1,18%	

Heimild: Hagstofan.

Árið 2013 fluttu 7.071 manns til landsins erlendis frá. Flestir fluttu til landsins frá Póllandi, 1.311 erlendir ríkisborgarar og fjórir íslenskir en næst flestir fluttu til landsins frá Danmörku, 1.006 íslenskir þegnar og 106 erlendir. Frá landinu fluttu 5.473 manns á árinu og var Noregur algengasti áfangastaðurinn en þangað fluttu 996 íslenskir ríkisborgarar og 59 erlendir. Næst vinsælasti áfangastaðurinn var Danmörk þangað sem fluttu 716 íslenskir ríkisborgarar og 93 erlendir ríkisborgarar.

Tafla 7. **Flutningsjöfnuður eftir ríkisföngum** / Migration to and from Iceland by citizenship and year.


	Íslenskir ríkisborgarar			Erlendir ríkisborgarar			Alls
	Aðfluttir umfram brottflutta	Aðfluttir	Brottfluttir	Aðfluttir umfram brottflutta	Aðfluttir	Brottfluttir	Aðfluttir umfram brottflutta
2005	118	3.093	2.975	3.742	4.680	938	3.860
2006	-280	2.762	3.042	5.535	7.070	1.535	5.255
2007	-167	3.228	3.395	5.299	9.318	4.019	5.132
2008	-477	2.817	3.294	1.621	7.471	5.850	1.144
2009	-2.466	2.385	4.851	-2.369	3.392	5.761	-4.835
2010	-1.703	2.637	4.340	-431	2.988	3.419	-2.134
2011	-1.311	2.824	4.135	-93	2.754	2.847	-1.404
2012	-936	3.130	4.066	617	2.827	2.210	-319
2013	-36	3.139	3.175	1.634	3.932	2.298	1.598

Heimild: Hagstofan

5.2. Launatekjur

Launatekjur á Íslandi árið 2012 voru að meðaltali 4.121 þúsund kr. á hvern framteljanda og hækkuðu um 1,3% að raunvirði frá fyrra ári. Hæstar launatekjur voru í Fjarðarbyggð 5.653 þúsund á hvern framteljanda en næst á eftir eru launatekjur í Vestmanneyjum 5.593 þúsund krónur og þá í Grýtubakkahrepp 5.587 þúsund krónur á ári. Lægstar atvinnutekjur árið 2012 voru í Fljótsdalshrepp 2.333 þúsund krónur á hvern framteljanda en næst lægstar voru tekjurnar í Tjörneshrepp 2.414 þúsund krónur á mann. Laun á mann á höfuðborgarsvæðinu voru 4.166 þúsund kr. á framteljanda, en það er um 1% yfir landsmeðaltali. Litið til landshluta eru laun á Austurlandi hæst, 4.754 þús. króna, rúmlega 15% hærri en meðaltal launa allra framteljanda. Næst hæst laun eru á vesturlandi 4.216 þús. króna eða um 2% yfir landsmeðaltali. Lægst laun landshluta eru á Suðurnesjum 3.640 þúsund, en það er 12% undir landsmeðaltali. Þess má geta að ekki eru allir framteljendur í fullri vinnu og getur samsetning manna eftir landssvæðum haft töluverð áhrif á niðurstöðurnar, sem dæmi teljast námsmenn í viðskiptum við LÍN og atvinnulausir til framteljanda en hvorugur hópur hefur launatekjur samkvæmt skilgreiningu.

Mynd 23. **Launatekjur á hvern framteljanda, fast verðlag** / Labor income per capita by regions, fixed prices.




Heimild: Ríkisskattstjóri.

5.3. Aldursdreifing

Hvernig vörur og þjónustu verslanir á hverjum stað veita er að miklu leiti háð lýðfræðilegri samsetningu hvers markaðssvæðis. Litið til alls landsins er aldurshópurinn 20-29 stærsti aldurshópurinn meðal beggja kynja en það eru einstaklingar fæddir árin 1984-1993. Fólk á vinnufærum aldri (18-67 ára) var 211.333 árið 2013 eða 64,9% landsmanna, óbreytt á milli ára. Til samanburðar voru árið 1990 61,5% landsmanna á vinnufærum aldri en þá var frjósemi meiri en í dag. Á mynd 24 má sjá aldurspíramída þjóðarinnar. Þegar frjósemi er stöðug og engin stórvægileg áföll dýnja yfir mjókkar aldurspíramídinn með hverju aldursþrepi. Aftur á móti hefur frjósemi farið minnkandi síðustu áratugi, þannig fæddust 1,93 börn á hverja konu árið 2013 í samanburði við 2,04 árið 2012 og 4,27 árið 1960.

Mynd 24. Aldurspíramídi yfir allt landið / Iceland age-pyramid.




Heimild: Hagstofan.

	Allt landið	<20	20-39	40-59	60-79	>79	Alls
Fjöldi 1. janúar 2013	89.269	90.914	83.328	46.700	11.646	321.857	
Fjöldi 1. janúar 2014	89.254	92.207	84.027	48.366	11.817	325.671	
Breyting árið 2013	0,0%	1,4%	0,8%	3,6%	1,5%	1,2%	

5.3.1. Höfuðborgarsvæðið

Íbúar höfuðborgarsvæðisins voru 208.752 í árslok 2013 og fjölgaði um 1,5% frá fyrra ári. Mest fjölgun á höfuðborgarsvæðinu er meðal aldurshópsins 60-79 ára, 3,6% en minnst í aldurshópnum undir 20 ára eða 0,6%. Athyglisvert er að aldurshópurinn 10-19 ára er hlutfallslega fámennur á höfuðborgarsvæðinu, ein skýringa þessa má vera að í næstu aldurshópum fyrir ofan er landsbyggðarfólk sem flust hefur til höfuðborgarsvæðisins til náms. Höfuðborgarsvæðið er eini landshlutinn þar sem konur eru í meirihluta á móti körlum, en 50,4% íbúa höfuðborgarsvæðisins eru konur á móti 49,6% körlum. Launatekjur á höfuðborgarsvæðinu árið 2012 voru 4.166 þúsund krónur, um 1% hærra en landsmeðaltal og hækkuðu um 1,4% að raunvirði frá fyrra ári.

Mynd 25. Aldurspíramídi höfuðborgarsvæðisins / Age-pyramid for the Capital region.




Heimild: Hagstofan.

Höfuðborgarsvæðið	<20	20-39	40-59	60-79	>79	Alls
Fjöldi 1. janúar 2013	56.033	60.516	52.742	29.064	7.320	205.675
Fjöldi 1. janúar 2014	56.365	61.492	53.372	30.098	7.425	208.752
Breyting árið 2013	0,6%	1,6%	1,2%	3,6%	1,4%	1,5%

5.3.2. Suðurnes

Á Suðurnesjum bjuggu 21.560 manns í árslok 2013 og fjölgaði um 1,7% frá fyrra ári. Mest fjölgun varð í aldurshópnum 60-79 ára eða 5,8% en annars fjölgaði í öllum aldurshópum nema þeim yngsta, þar sem 0,1% fækkun varð. Litið til landsins í heild búa fæstir íbúar yfir áttæðu á Suðurnesjum eða tæp 2,4% miðað við rúm 3,6% á landinu öllu. Launatekjur á Suðurnesjum árið 2012 voru þær lægstu á landinu, 3.640 þúsund krónur á hvern framteljanda á ári eða um 12% lægri en landsmeðaltal, hækkuðu þær um 1,6% frá fyrra ári að raunvirði. Nokkur námsmannabyggð er á Suðurnesjum en auk þess var skráð atvinnuleysi á Suðurnesjum mest á landsvísu árið 2012, 9,7% en það lækkar launatekjur nokkuð í þessum samanburði.

Mynd 26. Aldurspíramídi Suðurnesja / Suðurnes age-pyramid.




Heimild: Hagstofan.

Suðurnes	<20	20-39	40-59	60-79	>79	Alls
Fjöldi 1. janúar 2013	6.490	6.176	5.425	2.611	504	21.206
Fjöldi 1. janúar 2014	6.484	6.302	5.504	2.762	508	21.560
Breyting árið 2013	-0,1%	2,0%	1,5%	5,8%	0,8%	1,7%

5.3.3. Vesturland

Í árslok 2013 bjuggu 15.441 manns á Vesturlandi en þeim fjölgaði um 0,4% frá fyrra ári. Eins og í mörgum öðrum landshlutum er fækkun í yngsta aldurshópnum og nokkur fjölgun í þeim eldri. Vesturland sker sig hins vegar úr með mestri fjölgun í elsta aldurshópnum, yfir áttæðu en fjölgun í þeim hópi er 3,5% og næst mest fjölgun er í hópnum 60-79 ára, 3% frá fyrra ári. Launatekjur á Vesturlandi voru þær næst hæstu árið 2012 eða 4.216 þúsund krónur á framteljanda, 2,3% yfir landsmeðaltali en laun á Vesturlandi hækkuðu einungis um 0,2% að raunvirði frá fyrra ári.

Mynd 27. Aldurspíramídi Vesturlands / West-Iceland age-pyramid.




Heimild: Hagstofan.

Vesturland	<20	20-39	40-59	60-79	>79	Alls
Fjöldi 1. janúar 2013	4.448	4.115	3.947	2.306	565	15.381
Fjöldi 1. janúar 2014	4.394	4.137	3.949	2.376	585	15.441
Breyting árið 2013	-1,2%	0,5%	0,1%	3,0%	3,5%	0,4%

5.3.4. Vestfirðir

Í árslok 2013 bjuggu 6.972 manns á Vestfjörðum en þeim fækkaði um 0,8% frá fyrra ári, mest allra landshluta. Vestfirðir eru einnig minnsti landshluti landsins miðað við hina hefðbundnu átta svæða skiptingu, en 2,1% landsmanna búa á Vestfjörðum. Fjölmennasti aldurshópurinn á Vestfjörðum er fólk á aldrinum 50-59 ára en hvergi annarsstaðar á landinu er jafn gamall hópur fjölmennastur. Launatekjur á hvern framteljanda á Vestfjörðum voru 4.118 þúsund krónur að meðaltali árið 2012, en það er við landsmeðaltal og lækkuðu um 1,1% frá fyrra ári á föstu verðlagi.

Mynd 28. Aldurspíramídi Vestfjarða / Vestfirðir/West-fjords age-pyramid.




Heimild: Hagstofan.

Vestfirðir	<20	20-39	40-59	60-79	>79	Alls
Fjöldi 1. janúar 2013	1.901	1.820	1.937	1.072	301	7.031
Fjöldi 1. janúar 2014	1.863	1.800	1.899	1.108	302	6.972
Breyting árið 2013	-2,0%	-1,1%	-2,0%	3,4%	0,3%	-0,8%

5.3.5. Norðurland vestra

Íbúar Norðurlands vestra voru 7.245 í árslok 2013 og fækkaði þeim um 26 eða 0,4% frá fyrra ári. Fólksfækkun var mest í yngri aldursflokkunum en fólksfjölgun í eldri aldurshópunum. Á bak við þessa litlu nettó tölu, fækkun um 26, liggja reyndar töluverðir fólksflutningar bæði til og frá landshlutanum. Þannig fluttu 201 manns af norðurlandi vestra á höfuðborgarsvæðið en 162 frá höfuðborgarsvæðinu á norðurland vestra svo dæmi sé tekið. Launatekjur á Norðurlandi vestra voru 3.947 þúsund krónur á hvern framteljanda árið 2013, 4,2% undir landsmeðaltali og hækkuðu mest allra launa árið 2013 eða um 2,8% á föstu verðlagi.

Mynd 29. Aldurspíramídi Norðurlands vestra / North-west Iceland age-pyramid.




Heimild: Hagstofan.

Norðurland vestra	<20	20-39	40-59	60-79	>79	Alls
Fjöldi 1. janúar 2013	1.984	1.766	1.878	1.283	360	7.271
Fjöldi 1. janúar 2014	1.964	1.756	1.860	1.300	365	7.245
Breyting árið 2013	-1,0%	-0,6%	-1,0%	1,3%	1,4%	-0,4%

5.3.6. Norðurland eystra

Íbúar Norðurlands eystra voru 28.560 árið 2013 og fjölgaði um 0,2% frá fyrra ári. Mest fækkun á Norðurlandi eystra á árinu varð í aldurshópnum undir 20 ára, 1,7% frá árinu 2012. Mest fjölgun varð í aldurshópnum 60-79 ára eða 2,4%. Launatekjur á Norðurlandi eystra árið 2013 voru 4.085 þúsund krónur á hvern framteljanda eða um 0,9% undir landsmeðaltali og stóðu í stað á milli ára að raunvirði.

Mynd 30. Aldurspíramídi Norðurlands eystra / North-east age-pyramid.




Heimild: Hagstofan.

Norðurland eystra	<20	20-39	40-59	60-79	>79	Alls
Fjöldi 1. janúar 2013	8.118	7.176	7.511	4.472	1.226	28.503
Fjöldi 1. janúar 2014	7.983	7.206	7.549	4.581	1.241	28.560
Breyting árið 2013	-1,7%	0,4%	0,5%	2,4%	1,2%	0,2%

5.3.7. Austurland

Á Austurlandi bjuggu 13.055 manns árið 2013, 0,8% fleiri en árið á undan. Ólíkt öðrum landshlutum utan höfuðborgarsvæðisins fjölgar í yngsta aldurshópnum um 0,5% en fækkar um 0,7% í aldurshópnum 40-59 ára. Austurland státar jafnframt af hæsta hlutfalli karla á móti konum, ríflega 53% á móti tæplega 47% konum. Launatekjur á hvern framteljanda árið 2012 voru 4.754 þúsund krónur á mann, 15,4% hærri en landsmeðaltal, þær lang hæstu allra landshluta á Íslandi og hækkuðu um 1,7% frá fyrra ári. Til samanburðar voru tekjur á Austurlandi 2,4% undir landsmeðaltali árið 2001, árið áður en virkjunar- og stóriðjuframkvæmdir hófust í landshlutanum.

Mynd 31. Aldurspíramídi Austurlands / East Iceland age-pyramid.




Heimild: Hagstofa Íslands.

Austurland	<20	20-39	40-59	60-79	>79	Alls
Fjöldi 1. janúar 2013	3.549	3.345	3.520	2.047	496	12.957
Fjöldi 1. janúar 2014	3.568	3.366	3.494	2.133	494	13.055
Breyting árið 2013	0,5%	0,6%	-0,7%	4,2%	-0,4%	0,8%

5.3.8. Suðurland

Íbúar á Suðurlandi voru 24.086 árið 2013 og fjölgaði um 1,1% frá fyrra ári. Eins og annarsstaðar á landsbyggðinni eldist mannfjöldinn á Suðurlandi þar sem mest fjölgun er í eldri aldurshópnum en fólksfækkun er í aldurshópnum undir tvítugu. Launatekjur á Suðurlandi voru 3.848 þúsund á framteljanda árið 2012, 6,6% undir landsmeðaltali en hækkuðu um 0,8% á föstu verðlagi frá fyrra ári.

Mynd 32. Aldurspíramídi Suðurlands / South Iceland age-pyramid.



Heimild: Hagstofan.

Suðurland	<20	20-39	40-59	60-79	>79	Alls
Fjöldi 1. janúar 2013	6.746	6.000	6.368	3.845	874	23.833
Fjöldi 1. janúar 2014	6.633	6.148	6.400	4.008	897	24.086
Breyting árið 2013	-1,7%	2,5%	0,5%	4,2%	2,6%	1,1%

Rannsóknasetur verslunarinnar gert að sjálfseignarstofnun

Rannsóknasetur verslunarinnar fagnar 10 ára afmæli á þessu ári. Árið 2004 stofnuðu hagsmunaaðilar í verslun, nokkur stærstu verslunarfyrirtækin ásamt viðskiptaráðuneytinu og Háskólanum á Bifröst Rannsóknasetrið í þeim tilgangi að bæta úr miklum skorti á gagnasöfnun og vinnslu á talnaefni fyrir verslun. Síðan þá hefur setrinu vaxið fiskur um hrygg. Umfangið hefur aukist og bakhjarlar setursins eru fleiri en var í upphafi.

Um síðustu áramót var Rannsóknasetur verslunarinnar gert að sjálfseignarstofnun og aðskilið rekstrarlega frá Háskólanum á Bifröst þó enn séu nánar tengingar við skólann. Þeir aðilar sem eiga og standa að Rannsóknasetri verslunarinnar eru Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið, Háskólinn á Bifröst, VR, Samtök verslunar og þjónustu, Kaupmannasamtök Íslands og Bílgreinasambandið. Þannig er eignaformið sambland af stjórnvöldum atvinnuþróunar, hagsmunasamtökum launþega og vinnuveitenda ásamt háskóla sem er í nánum tengslum við atvinnugreinina.

Auk þess sem verksvið Rannsóknasetursins hefur aukist jafnt og þétt fyrir verslun, annast setrið í auknum mæli verkefnum tengdri ferðaþjónustu. Dæmi um það er mánaðarleg birting á greiðslukortaveltu erlendra ferðamanna eftir útgjaldaliðum og eftir þjóðernum ferðamanna.

Rannsóknasetur verslunarinnar er miðstöð rannsókna og tölfraeðiúttekta fyrir verslun á Íslandi, auk gagnavinnslu fyrir ferðapjónustu. Setrið er einnig leiðandi aðili í þróun starfsmenntunar fyrir verslun auk þess að stunda ýmsar hagnýtar rannsóknir sem nýtast verslun. Með Rannsóknasetri verslunarinnar hefur myndast góð tenging milli atvinnulífs, stjórnvalda og háskólarannsókna. Meginmarkmið rannsóknasetursins er að auka fagmennsku í verslun og ferðapjónustu á Íslandi.

Almennt felst starfsemi Rannsóknasetursins í því að fylgjast með þróun og breytingum sem verða í verslun í landinu og koma á framfæri upplýsingum þessa efnis til fyrirtækja og almennings. Rannsóknasetrið gegnir lykilhlutverki sem upplýsingaveita um vísitölur og aðra tölfraedi sem stjórnendur í verslun þurfa á að halda í ákvarðanatöku í daglegri stjórnun og vegna stefnumótunar til lengri tíma.

Auk forstöðumanns, Emils B. Karlssonar, starfa Árni Sverrir Hafsteinsson og Pálmar Þorsteinsson hagfræðingar við setrið og nokkrir sérstæðingar sem sinna sérverkefnum.

Í **Árbók verslunarinnar 2014** kemur fram að:

- Á árinu 2013 var heildarvelta smásöluverslunar án virðisaukaskatts tæpir 359 milljarðar króna samanborið við 354 milljarða árið áður. Vöxtur í veltu smásöluverslunar var því um 5,3% að nafnvirði og 1,4% að raunvirði.
- Af einstökum tegunda verslunar var veltan mest í dagvöruverslun, eða 204,3 milljarðar króna án virðisaukaskatts og jókst um 1,4% að raunvirði frá árinu áður.
- Hagvöxtur á Íslandi var 3,3% árið 2013 en til samanburðar var hagvöxtur OECD ríkjanna 1,3% og hagvöxtur hinna Norðurlandanna 0,3% á árinu.
- Fjöldi erlendra ferðamanna hefur næstum tvöfaldast frá árinu 2006. Hlutfallslega mest aukning hefur orðið yfir vetrarmánuðina. Greiðslukortavelta erlendra ferðamanna í verslunum nam um 16 milljörðum króna árið 2013 sem er 16% aukning frá árinu áður. Sú verslun sem erlendir ferðamenn keyptu mest í voru fataverslanir (útvistarfatnaður) og dagvöruverslanir.
- Mest fjölgun var í stofnun þeirra verslana sem skráðar eru netverslanir árið 2013, eða um 11% frá árinu áður.
- Fjöldi gjaldþrota verslana árið 2013 var 172 og fækkaði um 16% frá árinu áður. Fjöldi nýstofnaðra verslana á árinu voru 294.
- Alls störfuðu 23.700 manns við verslun árið 2013 sem er 13,6% af heildarvinnuafli landsins. Fjöldi starfsmanna í verslun jókst um 5,3% frá árinu áður. Körlum sem störfuðu við verslun á landsbyggðinni fjölgaði um 21% árið 2013 og voru 3.500 talsins.
- Laun í verslun voru 395 þúsund krónur árið 2013 og hækkuðu um 3,7% frá fyrra ári samanborið við 3,2% hækkun annarra stétta á föstu verðlagi. Laun verslunarfólks, sem hafa verið lægst allra stétta undanfarin ár eru nú næst lægst, en laun fræðslustarfsmanna eru lægri 384 þúsund.
- Samkvæmt launakönnun VR hækkuðu laun í dagvöruverslunum um 5,1% að raungildi árið 2013.
- Launatekjur árið 2012 voru hæstar á Austurlandi eða 4.754 þúsund krónur að meðaltali á framteljanda, rúmum 15% yfir landsmeðaltali.
- Skráð verslunarrými var 1.241 þúsund fermetrar árið 2013, eða 3,8 fermetrar á hvern landsmann, og fjölgaði um 2,6% frá fyrra ári. Samkvæmt skráningu Þjóðskrár var mest aukning verslunarrýmis í Reykjavík á árinu, eða sem nam næstum 27 þúsund fermetrum.
- Árið 2013 var flutningsjöfnuður í fyrsta sinn jákvæður frá árinu 2008. Þá fluttust 1.598 fleiri einstaklingar til landsins en frá því.

